

Fundur 16

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn þriðjudaginn 28. apríl 2015 í Þjósárskóla kl. 15:00.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri, Árdís Jónsdóttir og Sigrún J. Sigurðardóttir, Hrafnhildur Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna og Haukur Vatnar Viðarsson og Arnór Þrándarson fulltrúi foreldra. Edda Guðrún Arnórsdóttir og Margrét I. Ágústsdóttir fulltrúar nemendur. Ari Einarsson fulltrúi nærsamfélagsins.

1. Skólaráð geri sér starfsáætlun

Bolette fór í stuttu máli yfir verkefni skólaráðs en þetta er eini fundurinn sem haldinn verður á þessu skólaári.

Hún lagði til að fundur yrði í september. Þar yrði farið yfir almennan hluta starfsáætlunar Þjósárskóla og heilsueflandi skóla. Í lok október yrði svo farið í fjárhagsáætlun hreppsins. Í lok marsværi það svo skóladagatalið. Skólastjóri útskýrði svolítið skóladagatal fyrir næsta skólaár, t.d. hvers vegna skólinn væri með svokallaða tvöfalda daga.

2. Starfsáætlun skólans 2014-2015.

Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár lítið rædd.

Bolette ræddi ýmislegt varðandi breytingar á næsta skólaári, t.d. hópaskiptingar, tímasetningar o.fl. Næst var skólaakstur ræddur og fundarmönnum sýnt skipulag fyrir akstur komandi skólaárs. Markmiðið er að ekkert barn þurfi að sitja lengur í skólabíl lengur en 60 mín í einu. Nú stendur til að bjóða aksturinn út.

Nú var komið að ytra mati og áætlun um hvernig við myndum bæta úr því sem athugasemdir voru gerðar við.

Ferðalög voru rædd, t.d. vetraríþróttiferðir, á að halda þeim áfram. Haukur Vatnar lýsti ánægju sinni með hve mikið væri gert fyrir börnin í skólanum.

Innra mat rætt. Hvað viljum við í sambandi við það. Ánægja er með hversu vel við erum græjuð, margt hefur verið keypt undanfarin ár, svo sem skjávarpar og þeir spara t.d. pappír. Við þurfum að kanna hvað við viljum helst gera í innra mati.

Arnór Hans spurði hvort breytingar yrðu á starfsliði á næsta starfsári. Sigrún ætlar að hætt svo lækkar kennsluskylda hjá tveimur kennurum og Bente kemur til baka.

3. Heilsueflandi skóli.

Sigrún sagði ofurlítið frá heilsueflandi skóla en hún hefur verið verkefnastjóri í vetur.

Öðruvísi dagar hafa verið, hjóladagur og fleira.

4. Önnur mál.

Fundi slitið klukkan

Sigrún J. Sigurðardóttir

Arnór Práanderson

Árdís Jónsdóttir

Ari Einarsson

Bolette Höeg Koch

Hrafnhildur Ágústsdóttir

Edda Guðrún Arnórsdóttir

Margrét I. Ágústsdóttir

Haukur Vatnar Viðarsson